



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

KT. 560269-4559 – ☎ 21303
PÓSTHÓLF 15 – HAFNARGÖTU 44
710 SEYÐISFJÖRÐUR

Alþingi

Erindi nr. **D 116 / 1980**

komudagur **2 / 7 1993**

Seyðisfirði 7. júní 1993.

Félagsmálanefnd Alþingis
form. Ranveig Guðmundsdóttir.

Varðar: 485. mál. Frumvarp til laga um fjáröflun til varnar gegn ofnaflóðum.

Á fundi bæjarráðs Seyðisfjarðar 3/6 sl. var 485 mál, 833. frumvarp til laga um fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, tekið fyrir, að beiðni félagsmálanefndar Alþingis (bréf 12/5 "93).

Bæjarráð Seyðisfjarðar telur að tilgangur frumvarpsins sé mjög til bóta.

1. Varðandi hluta ofanflóðasjóðs í kostnaðu við varnarvirki úr núverandi 80% í 90%, má spyrja af hverju ekki 100% ?

Hvað er það sem réttlætir 100% kostnaðarþátttöku ríkisins í varnarvirkjum gegn sjávargangi, en ekki snjó- og skriðuföllum ?


2. Viðhald á varnarvirkjum hlýtur að verða allnokkur, þó ekki liggi fyrir neinar tölur í því sambandi, t.d. hvað varðar Seyðisfjörð.

Því er mjög svo brýnt að lögin kveði skýrt á um kostnaðarþátttöku sjóðsins í viðhaldi varnarvirkja.

3. Fjáröflun til styrktar sjóðnum s.m.b. 1. gr. með sérstöku iðgjaldi næstu 5 árin, á eignir sem eru tryggðar samb. 5. og 6. gr. laga um Viðlagatryggingu er réttlætanleg með vísan til **1** og **2**.

Bein framlög ríkissjóðs verða að hækka.

Virðingarfyllt.


Þorvaldur Jóhannsson bæjarstjóri.

Sent til:
Elín Blöndal ritari félagsmálanefndar
Þórshamri, Templarasundi
150 Reykjavík.



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

KT. 560269-4559 – ☎ 21303
PÓSTHÓLF 15 – HAFNARGÖTU 44
710 SEYÐISFJÖRÐUR

Seyðisfirði 4. júní 1993.

Útskrift úr fundargerðarbók bæjarráðs Seyðisfjarðar.


Fimmtudaginn 3/6 1993 kom bæjarráð saman á skrifstofu Hafnargötu 44.
Allir aðalmenn mættir. Einnig bæjarstjóri.

4. Frumvarp til laga um varnir snjóflóða.

Borist hefur til umsagnar frá félagsmálanefnd Alþingis frumvarp til laga um sérstaka fjáröflun til varnar gegn ofanflóðum og breytingu á kostnaðarhluta sveitarfélaga.

Bæjarráð telur breytingar vera mjög til bóta og felur bæjarstjóra að rita umsögn þess efnis til nefndarinnar.

Rétta útskrift staðfestir.


Guðrúnur Ágústsdóttir
SEYÐISFIRÐI